



Utanríkisráðuneytið
Reykjastræti 8
101 Reykjavík
sent á samráðsgátt

Reykjavík 12. mars 2026

Efni: Umsögn um þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB 2028-2034

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB 2028-2034, mál s-38/2026 sem var birt á samráðsgátt stjórnvalda 11. febrúar 2026.

Samtökin fagna samráðinu ásamt kynningarfundum stjórnvalda um málið sem haldinn var sama mánuð. Samtökin hvetja stjórnvöld til þess að setja á laggirnar formlegt samráð við atvinnulífið vegna framgangs samstarfsáætlana ESB. Fjöldi fyrirtækja í íslenskum iðnaði hefur reynslu af þátttöku í samstarfssjóðum ESB og mikilvægt er að stjórnvöld tryggji að sú reynsla og þekking nýtist fram á veginn. Með virku samráði má tryggja að hagsmunir íslensks atvinnulífs fái hljómgrunn, að upplýsingaflæði sé skýrt og að fyrirtæki geti undirbúið þátttöku með markvissari hætti.

Hér í framhaldi verður fjallað um ávinning og áskoranir vegna þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB ásamt umfjöllun um einstaka sjóði.

Hæfisskilyrði og þátttaka Íslands

Ný samstarfsáætlun ESB felur í sér þverlæga nálgun þar sem unnið verður þvert á mállefni og greinar. Aukinn sveigjanleiki gerir framkvæmdastjórn ESB kleift að breyta áherslum og færa fjármuni á milli áætlana. Breytingarnar endurspeglar aukna áherslu ESB á sjálfræði á efnahagslega mikilvægum sviðum þá sér í lagi á sviðum sem teljast stefnumarkandi fyrir samkeppnishæfni, tæknilega forystu og viðnámsþrótt. Vegur þar þungt áhersla á öryggis- og varnarmál, sem hefur orðið meira áberandi í stefnumótun sambandsins á undanförunum árum.

Þrátt fyrir að boðaðar breytingar séu almennt jákvæðar kunna þær þó einnig að hafa í för með sér ákveðna óvissu fyrir Ísland hvað varðar hæfisskilyrði fyrir þátttöku sem og aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Í því samhengi vísa samtökin í sameiginlegt EES/EFTA álit dags. 18. nóvember 2025 og taka heilshugar undir þær áherslur sem þar koma fram, m.a. að þátttaka EES/EFTA-ríkjanna skuli byggjast á EES-samningnum og þeim réttindum sem honum fylgja. Það felur í sér að aðilar frá EES/EFTA-ríkjunum þar á meðal fyrirtæki, háskólar, rannsóknastofnanir og önnur samtök hafi sambærileg réttindi og skyldur og aðilar frá aðildarríkjum ESB þegar kemur að þátttöku í verkefnum og samkeppni um fjármögnun. Samtökin taka einnig undir mikilvægi þess að EES/EFTA-ríkin hafi aðkomu að stefnumótun og framkvæmd áætlana, meðal annars í gegnum þátttöku



í nefndum og stjórnskipulagi þeirra. Slík aðkoma er mikilvæg til að tryggja gagnsæi, jafnræði og skilvirkt samstarf á milli ríkjanna og stofnana ESB. Þá þurfa íslensk stjórnvöld sérstaklega að huga að því að Íslandi standi til boða þátttaka vegna öryggis- og varnartengdra verkefna.

Evrópskt í forgangi (European preference)

Til að bregðast við breyttri heimsmynd má sjá aukna áherslu á verndarsjónarmið í stefnu ESB. Einn liður í því eru tillögur ESB um „evrópskt í forgangi“ (e. European preference) sem vísa til forgangssjónarmiða vegna uppruna vöru eða þjónustu sem á rætur sínar að rekja innan sambandsins. Í 10. gr. reglugerðar 2025/555/ESB er varðar Samkeppnishæfnissjóð ESB er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd sjóðsins og annarra aðgerða skuli taka mið af hagsmunum ESB, sérstaklega þegar kemur að stefnumótandi og efnahagslegu öryggi sambandsins. Ekki liggur fyrir nánari skilgreining né útfærsla á framkvæmd af hálfu framkvæmdastjórnar ESB en samtökin leggja áherslu á að íslensk stjórnvöld leiti allra leiða til að tryggja að Ísland, sem EES-ríki, falli með ótvíræðum hætti undir „evrópskt í forgangi“ í því regluverki og útfærslum sem framundan eru. Vegna aukinnar óvissu í heiminum sem stafar meðal annars af auknu spennustigi í samskiptum ríkja og auknum verndarráðstöfunum á viðskipti reynir meira á hagsmunagæslu íslenskra stjórnvalda í samvinnu við atvinnulífið til þess að tryggja aðgengi að sjóðum.

Nýr samkeppnishæfnissjóður og tækni með tvíþætt notagildi

Helsta breyting á samstarfsáætlunum ESB er stofnun nýs Samkeppnishæfnissjóðs sem byggir á grunni nokkurra núgildandi áætlana. Markmið sjóðsins er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni með fjárfestingum og stuðningi við mikilvægar vaxtagreinar á heildstæðari máta en áður. Áhersla er lögð á verkefni sem heyra undir viðnámsprótt, öryggis- og varnarmál ásamt geimvísindi. Samtökin styðja markmið sjóðsins en leggja áherslu á að stjórnvöld tryggi aðkomu Íslands vegna verkefna sem falla undir framangreind málefni þá sérstaklega tækni með tvíþætt notagildi. Íslensk fyrirtæki standa framarlega á mörgum þeirra sviða sem horft er til í tengslum við tvíþætt notagildi, svo sem í orkulausnum, hugbúnaðarþróun, ómönnuðum farartækjum, matvælaiðnaði og í heilbrigðistækni. Samtökin benda á áherslu á geiminn og að íslensk stjórnvöld hafi, með hliðsjón af landfræðilegri legu landsins, fullt tilefni til að huga að þeim tækifærum sem af því kunna að skapast.

Það er því rík ástæða fyrir íslensk stjórnvöld að leggja sitt lóð á vogaskálarnar til þess að koma íslensku hugviti á framfæri í þessum tilgangi. Til þess að íslensk fyrirtæki geti nýtt þessi tækifæri þarf að tryggja þeim greiðan aðgang að upplýsingum, ráðgjöf og öfluggu tengslaneti innan evrópskra samstarfsverkefna. Jafnframt þarf að huga að lagalegri umgjörð, þar á meðal öryggiskröfum, útboðsumhverfinu, útflutningseftirliti og vernd hugverka, svo að fyrirtæki búi við fyrirsjáanlegt og öruggt starfsumhverfi þegar kemur að meðferð viðkvæmrar tækni.

Þá fagna samtökin fyrirhugaðri stofnun ráðgjafaráðs lykilhagsmunaaðila (e. Strategic Stakeholders Board) þar sem gert er ráð fyrir öflugri þátttöku iðnaðarins. Tryggja þarf aðkomu fulltrúa Íslands í ráðinu og skýra nánar hlutverk ráðsins og verklag við skipan og umsóknir um þátttöku.



Horizon Europe

Horizon Europe hefur verið einn mikilvægast farvegur íslenskra sprotafyrirtækja til þátttöku í evrópsku rannsókna- þróunar og nýsköpunarsamstarfi. Samtökin telja það mikilvægt að áætlunin haldi ekki aðeins formlegu sjálfstæði sínu heldur einnig raunverulegu hlutverki sínu sem opin og samkeppnisdrifin áætlun fyrir rannsóknir, þróun - og nýsköpun. Það er brýnt að aukin samþætting við Samkeppnishæfnisjóðinn leiði ekki til þess að áhersla færist ekki um of frá opnum samkeppnisfarvegum yfir í stærri og pólitísk forgangsöröðuð verkefni. Fyrir Ísland, sem lítið og opið hagkerfi, skiptir miklu máli að áfram verði tryggt raunhæft aðgengi sprotafyrirtækja, stærri íslenskra fyrirtækja, háskóla og rannsóknarstofnana að Horizon Europe. Gæta þarf sérstaklega að því að aukin áhersla á stefnumarkandi verkefni og tækni með tvíþætt notagildi leiði ekki til þess að smærri fyrirtæki og rannsóknaraðilar eigi erfiðara með þátttöku. Jafnframt þarf að gæta þess að borgaraleg nýsköpun fái áfram fullt vægi innan áætlunarinnar.

Erasmus+

Samtökin fagna áframhaldandi áherslu á Erasmus+ til að efla menntun, færni og frjálsa för í Evrópu. Sérstaklega er mikilvægt að styrkja iðn- og starfsnám (VET) og efla samstarf menntastofnana og atvinnulífs. Taka þarf tillit til þess að uppbygging VET-kerfa er mjög mismunandi milli landa. Á Íslandi eru 41 löggilt iðngrein en í sumum Evrópulöndum eru allt að 180–200 sérhæfðar greinar. Aukið samstarf og hreyfanleiki getur stuðlað að betri þekkingarmiðlun og samvinnu milli landa. Samtökin telja jafnframt mikilvægt að styðja tilraunaverkefni (e. pilot programmes) sem efla nýsköpun í menntakerfinu og styrkja samstarf skóla og atvinnulífs, meðal annars á sviði öryggis, umhverfismála og endurnýjanlegrar orku, svo sem jarðvarma.

AgoraEU

AgoraEU byggir á Creative Europe en hefur verið útvíkkað með tilliti til nýrra stoða svo sem mannréttinda, lýðræðis og jafnréttis. Aðgengi að Creative Europe hefur skipt sköpum fyrir íslenska kvikmyndaframleiðendur og er einn mikilvægasti sjóðurinn sem greininni stendur til boða fyrir þróun verkefna. Aðgengi að þróunarstyrkjum er lykilforsenda þess að verkefni raungerist og samþróun (e. Co-development) opnar á samvinnu milli landa. Slíkt samstarf gerir íslenskum kvikmyndaframleiðendum kleift að vinna með erlendum samstarfsaðilum, deila þekkingu, auka fjármagn og þróa stærri og metnaðarfullri verkefni. Í mörgum tilvikum er um að ræða verkefni þar sem þróunarkostnaður getur verið verulegur og samstarf milli kvikmyndaframleiðenda í fleiri en einu landi gerir þeim kleift að sækja um hærri upphæðir sem eykur möguleika á alþjóðlegri dreifingu. Styrkir sem styðja við dreifingu, þátttöku á kvikmyndahátíðum og aðgengi að kvikmyndahúsum í öðrum löndum hafa því veruleg áhrif á sýnileika íslenskra verka og möguleika þeirra til að ferðast milli markaða. Slíkir styrkir hafa heildræn áhrif á greinina og geta skipt sköpum fyrir alþjóðlega útbreiðslu íslensks efnis.

Samtökin taka undir mikilvægi nýrra stoða sjóðsins þ.e. mannréttinda, lýðræðis og jafnréttis en vilja í því samhengi benda á mikilvægi þess að umsóknarskilyrðiog matsviðmið séu lögð fram með þeim hætti að þau styðji við gæði og nýsköpun án þess að vera takmarkandi. Of ítarlegar kröfur geta haft þau áhrif að umsækjendur móta verkefni fyrst og fremst til að uppfylla formleg viðmið í stað þess að leggja áherslu á innihald og gæði. Þá verður að líta til smæðar markaðarins hérlendis og



áhrifa sértækra krafna á möguleika framleiðslu myndefnis. Þá vilja samtökin taka undir tillögur fastanefndar EFTA dags. 5 mars 2026 þar sem m.a. er kallað eftir auknum skýrleika hvað varðar útfærslu á sveigjanleika í framkvæmd. Verkefni sem sækja fjármögnun yfir fleiri en eina fjárveitingalínu ættu ekki sjálfkrafa að útiloka ríki sem taka ekki þátt í öllum þremur stoðunum (e. Culture, Media og CERV). Þá taka samtökin undir mikilvægi þess að tryggja upplýsingafulltrúa (Creative Europe Desks) fyrir Ísland en kvikmyndaframleiðendur hafa góða reynslu af slíkum stuðningi hérlandis.

Lokaorð

Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB er einn helsti ávinningur EES-samstarfsins. Íslensk iðnfyrirtæki hafa náð góðum árangri sem hefur stuðlað að auknu alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna, nýsköpunar, vísinda, menntunar og menningar sem hefur haft afar jákvæð áhrif á þróun íslensks atvinnulífs og samfélags. Slík þátttaka skapar fyrirtækjum og rannsóknaraðilum tækifæri til að vinna með fremstu aðilum í Evrópu, sækja sér þekkingu og þróa nýjar lausnir.

Mikilvægt er að tryggja aðgengi Íslands að samstarfsáætlunum ESB á lagalegum grundvelli EES samningsins og að Ísland sé órjúfanlegur hluti af eflingu viðnámsþróttar og samkeppnishæfni Evrópu.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Lilja Björk Guðmundsdóttir
yfirlögfræðingur